

Hnattvæðing



Heimurinn er smám saman að breytast í einn risastóran markað. Sumir segja að hann sé orðinn eitt þorp.

Öll tölum við um hnattvæðingu en vitum við hvað í henni felst?

Hnattvæðing er ferli sem einkennist af:

1. aukinni útbreiðslu fjarskipta- og upplýsingatækni,
2. minni höftum ríkja á sviði viðskipta og fjárfestinga,
3. auknu fjármagni og samvirkni á fjármálamörkuðum.

Hnattvæðingin stuðlar vissulega að meiri flutningum fólks milli landa enda þótt eftirlit með fólksflutningum sé meira en nokkru sinni fyrr (flugsamgöngur hafa aldrei verið eins mikilvægar), alþjóðlegar fyrirtækjasteypur verða stöðugt algengari (sjá má dæmi þess á sviði fjarskipta og matvælaíðnaðar), og svo er hægt að ræða við fólk með tölvusambandi nánast hvar sem er í heiminum. Síðast en ekki síst sýndi efnahagshrunið í Asíu og Rómönsku Ameríku hve samvirknin á fjármála- og efnahags sviði er orðin mikil.

Og hver eru brýnustu verkefni?

Mikill ágreiningur er uppi um afleiðingar hnattvæðingarinnar, bæði þær sem komið hafa í ljós og hugsanlegar afleiðingar. Hægt er að benda á ýmis vandamál og í mörgum tilvikum er ekki um nein skýr svör að ræða. Fjölmargir aðilar og einstaklingar, svo sem mannréttindafrömuðir, fræðimenn, hagfræðingar, vísindamenn og félagsfræðingar, sem óttast neikvæð áhrif hennar, hafa bent á eftirfarandi atriði:

1. *Sjálfstjórn ríkja minnkar*: Þar sem stjórnvöld hafa stöðugt minna að segja um lykilákvæðanir sem hafa áhrif á hagkerfi þeirra og þar með velferð manna, hafa völdugustu fjölþjóðlegu fyrirtækin, milliríkjastofnanir og einkareknar fjármálastofnanir stöðugt meiri áhrif og tilhneigingu til að haga sér eins og stjórnvöld. Þess vegna er sagt að sjálfstjórn ríkja hafi minnkað til muna. Verið er að endurskilgreina hefðbundið hlutverk þeirra.

Tengd verkefni

- Orðasafn um hnattvæðingu, bls. 192.
- Aðgengi að lyfjum, bls. 75.
- Öll jöfn – öll ólík, bls. 260.
 - Saga Ashiques, bls. 209.
- Varið ykkur, við fylgjumst með!, bls. 245.
- Menntun fyrir alla?, bls. 175.
 - Forsíða, bls. 109.
- Stjórnuþákort fátæktar, bls. 230.
 - Augnablik!, bls. 84.
- Hvalveiðar Makah-ættbálksins, bls. 132.
 - Áhrif Netsins, bls. 87.
- Baráttan um auð og völd, bls. 93.
- Lífsvefurinn, bls. 162.

2. „Efnahagsmál í brennidepli“: Meira tillit er tekið til efnahagsmála en stjórn mála og félagsmála. Þar sem einkafyrirtæki og alþjóðlegar og svæðisbundnar milliríkjastofnanir eru í auknum mæli að taka að sér það hlutverk að stjórna ríkjum og heimsmálum er hætt við að efnahagsmál og fjármál verði það eina sem þessir aðilar komi til með að sinna og önnur mikilvæg mál verði virt að vettugi, þ.e. félagsmál, heilbrigðismál og umhverfismál.

3. *Skortur á gagnsæi og ábyrgð*: Stjórnvöld, opinberar stofnanir, yfirvöld ríkisrekinna banka o.s.frv., sem að venju hafa farið með ákvörðunarvaldið hjá landi sínu og þjóð, hafa smám saman verið svipt ábyrgð sinni á sumum sviðum. Þar sem þau bera lýðræðislega ábyrgð er fylgst með flestum gerðum þeirra og ákvörðunum, en það gildir ekki um fjölþjóðleg fyrirtæki eða alþjóðlegar og svæðisbundnar stofnanir. Ef mannréttindi eru brotin er til dæmis afar erfitt að draga þessi fyrirtæki og stofnanir til ábyrgðar og fylgjast með gerðum þeirra. Á mörgum sviðum hafa enn fremur vaknað spurningar vegna þess að ákvarðanaferlið er ekki lengur gagnsætt. Hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) eru ákvarðanir til dæmis stundum teknar bak við luktur dyr eftir flókið ferli marghliða samningaviðræðna, formlegra sem óformlegra.

4. „Mikil afturför“: Eitt einkenni viðskiptafrelsis er að fjölþjóðleg fyrirtæki hafa tilhneigingu til að koma sér fyrir í löndum þar sem samanburður er hagstæður, sem merkir í raun að starfsmönnum þar eru greidd lægri laun en annars staðar, vinnulöggjöfin er vægari, vinnuskilyrðin sveigjanlegri, umhverfislöggjöf er engin eða gildir ekki, skattar eru lægri, svo og niðurgreiðslur félagslegra gjalda, svo sem atvinnuleysistrygginga, heilbrigðisþjónustu o.s.frv. Þegar málum er svo háttað er auðvelt að sjá að mannréttindi eiga undir högg að sækja, einkum en þó ekki eingöngu, hvað varðar efnahagsleg og félagsleg réttindi farandstarfsmanna í löndum sem eiga við efnahagsleg og félagsleg vandamál að glíma og þurfa á erlendu fjármagni að halda til að geta rétt úr kútnum.

5. *Einsleitni*: Sumir halda því fram að ef allir lifðu í einu samþættu samfélagi með stöðluðu félagslegu og menningarlegu hegðunarmynstri væri hætta á að allir færu að borða sams konar mat, hlusta á sömu tónlistina eða horfa á sömu bíómyndirnar, hvar svo sem þeir byggju og hverrar þjóðar sem þeir væru. Þannig yrðu sérkenni landa að engu höfð og brotið væri á rétti manna til að njóta eigin menningar.

Nefna má að viðskiptabann hefur stundum skilað árangri og leitt til úrbóta þegar siðlaus og ólögleg starfsemi á sér stað. Auk þess eru sum fyrirtæki og stofnanir að reyna að móta stefnu sem gæti upprætt þau vandamál sem hnattvæðingin hefur í för með sér.

Nokkrar helstu alþjóðlegu og svæðisbundnu milliríkjastofnanir sem hafa unnið að því, þ.e. þegar viðskiptafrelsi er annars vegar, eru:

- Alþjóðaviðskiptastofnunin
- Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn
- Alþjóðabankinn
- Alþjóðlega efnahagsstofnunin. Einkarekin stofnun sem 2000 valdamestu fyrirtæki heims eiga aðild að. Fundur þeirra er haldinn árlega í Davos í Sviss.
- Svæðisbundin viðskiptasamtök, svo sem Evrópusambandið, Fríverslunarsamtök Norður-Ameríku (NAFTA) og Efnahagssamvinnuráð Asíu- og Kyrrahafsríkja (APEC).



Veistu hvaðan fatnaðurinn sem þú klæðist og maturinn sem þú borðar kemur?

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og Félagsmálasáttmáli Evrópu (endurskoðaður), sáttmáli ESB

Samtökin um sanngjörn viðskipti (Fair Trade Movement)

ætla að merkja vörur og afurðir sem eru framleiddar í samræmi við viðteknar reglur og mannréttindi. Þannig geta neytendur sem fylgjast með slíkum málum haft áhrif með vali sínu á því sem þeir kaupa.

„Undirnefnd Sameinuðu þjóðanna um eflingu og vernd mannréttinda ... biður allar ríkisstjórnir og hagstjórnarkerfi að taka fullt tillit til alþjóðlegra skuldbindinga og meginreglna á sviði mannréttinda í mótun alþjóðlegrar efnahagsstefnu.“³¹

um félagsleg grundvallarréttindi launþega og sáttmáli ESB um grundvallarréttindi (þótt sá síðastnefndi sé ekki lagalega bindandi) eru meðal þeirra alþjóðlegru og svæðisbundnu samninga sem fjalla einkum um málefni á sviði hnattvæðingar). Vert er að geta þess að undirnefnd Sameinuðu þjóðanna um eflingu og vernd mannréttinda, og undirnefndin um varnir gegn mismunun og um verndun minnihlutahópa, hafa báðar samþykkt ályktanir um mannréttindi og hnattvæðingu; sú fyrrnefnda um viðskiptafrelsi og áhrif þess á mannréttindi (ályktun 1999/3) og sú síðarnefnda um mannréttindi sem grundvallarmarkmið í viðskipta-, fjárfestinga- og fjármálastefnu (ályktun 1998/12).

Nokkrir þeirra kosta sem taldir eru fylgja hnattvæðingu

1. *Ný skilgreining á borgaravitund:* Fram eru að koma nýjar hugmyndir um borgaravitund, það sem kallað er „heimsborgaravitund“. Þessar hugmyndir tengjast hinni hefðbundnu hugmynd um borgaravitund sem snýst um stjórnómáleg og lagaleg réttindi og skyldur, svo sem kosningarétt. Að vera alheimsborgari nú á dögum felst í raun í því að vera gagnrýnni á neysluvenjur en ella, og þær aðstæður sem vörur hafa verið framleiddar við, og vera meðvit- aðri um hnattræn málefni, svo sem fátækt, umhverfisvandamál eða ofbeldi. Auk þess halda sumir því fram að hnattvæðing í félagslegu og menningarlegu tilliti sé andhverfa einsleitinnar; þvert á móti verði til ný störf og ímyndir vegna aukinna gagnkvæmra áhrifa.

2. *Aukinn hreyfanleiki og hraðvirkari samskipti:* Enda þótt ljóst sé að bilið breikkar stöðugt milli þeirra sem njóta tæknilegra framfara og hinna sem ekki njóta slíkra gæða, en það er einn mesti galli þessarar stefnu, fylgir henni sá kostur að landamæri opnast, og þróun Netsins og annarrar tækni á sér stað, svo að mun auðveldara er orðið að ferðast á milli landa og eiga samskipti við fólk hvar sem er í heiminum. Þannig gefst fólki tækifæri til að læra hvað af öðru og af öðrum menningarstraumum, og verða vonandi umburðarlyndara og tillitsamara.

3. *Landamæri opnast smám saman:* Slíkt ferli ætti að hraða þróun og innleiðingu fjölþjóðlegra og svæðisbundinna mannréttindadómkerfa sem geta fjallað um mannréttindabrot. Mannréttindadómstóll Evrópu er dæmi um mjög skilvirkt svæðisbundið kerfi.

Andófshreyfingin gegn hnattvæðingu

Sem andsvar við efnahagslegri og fjárhagslegri hnattvæðingu hafa mikilvægir opinberir aðilar, sem óttast neikvæð áhrif hennar, hrint af stað alþjóðlegri hreyfingu til að stuðla að því sem kalla má mannúðlega hnattvæðingu. Þessi hreyfing sem yfirleitt er kölluð „andófshreyfingin gegn hnattvæðingu“ fær til liðs við sig stéttarfélög, frjáls umhverfissamtök, stjórnómálemenn, baráttumenn fyrir mannréttindum, fræðimenn, kvennahreyfingar o.s.frv.; í stuttu máli sagt hvers kyns stofnanir og einstaklinga sem vilja byggja upp sanngjarnari heim sem, eftir því sem þeir segja, getur ekki þrífist þegar frjálshyggja, afnám reglugerða og einkavæðing er helsti aflgjafi efnahagslegrar hnattvæðingar. Þeir krefjast mannúðlegrar hnattvæðingar. Nokkrir þessara hópa hafa kosið að sýna andstöðu sína með því að taka þátt í fjöldamótum á fundum sem skipulagðir eru af G7 + 1 og öðrum stofnunum sem stuðla að slíkri þróun. En því miður hefur mest borið á skríslátum og skemmdarverkum þegar slík mótmæli hafa farið fram. Þessi hreyfing er líka í hægfara mótun. Alþjóðlega samfélagsþingið (World Social Forum) var haldið í Porto Alegre í Brasilíu, samhliða fundi Alþjóðlegrar efnahagstofnunarinnar í Davos í Sviss, og þar gafst þúsundum sendifulltrúa frá borgaralegum samtökum tækifæri til að fjalla um málefni

sem tengjast hnattvæðingu og afleiðingum hennar og skoða aðra kosti. Undir kjörordinu „við eigum vól á öðruvísi veröld“ voru ýmis málefni rædd, m.a. endurskipulagning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, verndun mannréttinda (einkum efnahagslegra, félagslegra og umhverfistengdra réttinda) og skuldauppgjöf til handa þriðja heiminum.

Að lokum skal vitnað í orð Xaviers Godinot hjá samtökunum ATD Quart Monde: „Hnattvæðing er sameiginlegt verkefni og allir sem vilja finna nýjar leiðir sem þegnar þessa heims geta lagt sitt af mörkum.“

„Samstaða er hin mannlega mykt.“

Ernesto Cardenal

Nokkur frjáls félagasamtök og stofnanir sem fjalla um hnattvæðingu:

Oxfam, www.oxfam.org

Fédération Internationale des Droits de l'Homme, www.fidh.org

International Forum on Globalisation, www.ifg.org

Third World Network, www.twinside.org.sg

L'Observatoire de la Mondialisation, <http://terresacree.org/obsmondi.htm>

ATTAC, www.attac.org

World Social Forum: www.forumsocialmundial.org.br



Veistu um einhverja stofnun eða einstakling hér á landi sem bæta má á þennan lista?

Heimildir

Birzúa, C., Education for democratic citizenship: A lifelong learning perspective, *Council for Cultural Co-operation, Strassborg, júní 2000, bls. 8-11.*

Leary, V., „Globalisation and human rights“, *Human Rights, New Dimensions and Challenges, Unesco, París, 1998, bls.265-276.*

„Mondialisation et droits de l'homme“, *La Lettre, No.28, Fédération Internationale des Droits de l'Homme, París, 1999.*

„Mondialisation et pauvreté“, *Revue QUART MONDE, No.175, Éditions Quart Monde, París, 2000.*

Oloka-Onyango, J., Udagama, D., „Human rights as the primary objective of international trade, investment and finance policy and practice. Working paper submitted in accordance with Sub-Commission resolution 1998/12“. *United Nations, E/CN.4/Sub.2/1999/11, 1999.*

